

**RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS.**  
**5. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 11.11.2011.**

**FUNDARGERÐ.**

**Mæting:**

Ómar Baldursson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Öfjörð, Stefán Sveinsson, Sighvatur D Sighvatz, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta fundar.

2. Heimasíða RSÍ.

3. Rekstrartölur.

4. Orlofshús í Danmörku.

5. Kjarasamningar.

6. Húsnæðismál.

7. Lögmaðurinn.

a. Slys í hádegi.

b. Bakvaktarálag.

8. Önnur mál.

a. Stórframkvæmdasamningur-aðaltrúnaðarmaður.

b. Bann í orlofskerfi.

**1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.**

## **2. Heimasíða.**

Verið er að vinna við uppfærslu á heimasíðunni, breyta útliti, formi og uppsetningu. Miðstjórn sammála þessum breytingum, og nauðsynlegt er að halda heimasíðunni lifandi.

## **3. Rekstrartölur.**

Til kynningar voru helstu niðurstöðutölur orlofs-styrktar og sjúkrasjóðs fyrir tímabilið janúar til september 2011.

Tekjuaukning orlofssjóðs er 9,5% milli ára og að sama skapi hafa rekstrargjöld hafa lækkað um 7,1%.

Leigutekjur á tjaldsvæðinu á Apavatni lækkuðu milli ára um 2,5%.

Tekjur styrktarsjóðs hafa aukist um 14% . Aukning er í greiðslu á sjúkradagpeningum um 43% en lækkun er á eingreiðslum á dánarbótum um 62%.

Styrkir til atvinnulaustra hafa minnkað um 16,4%.

Tekjuaukning hefur orðið hjá flestum félögum innan RSÍ og er áberandi hvað tekjuaukningin hefur skilað sér útá landbyggðina.

Tekjuaukning FÍR er 10,4% hjá FRV er aukningin 1,5%, FRS 17,8%, FSK 4,6%, FTR 14,1%, RFS 15,0, RFN 24,4%.

Eina félagið sem hefur orðið fyrir tekjulækkun er FÍS, þar nemur lækkunin um 5,5%.

## **4. Orlofshús í Danmörku.**

Samþykkt var að taka á leigu í sumar 86m<sup>2</sup> hús um 30 km frá Legolandi, nánar í Hovborg.

Leigutími er 12 vikur og hefst tímabilið um mánaðarmótin júní/júlí.

Vatn, rafmagn og þrif er ekki innifalið í leiguverðinu, það þarf að borga sérstaklega.

## **5. Kjarasamingar.**

Búið er formlega að ljúka allri samningsgerð, þó er eftir að hnýta nokkra lausa enda í nokkrum samningum.

Síðasti samningur sem gerður var, var við Kögun og nær hann til starfsmanna í fjarskiptastöðinni í Grindavík.

## **6. Húsnæðismál.**

Kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á móttöku að Stórhöfða 31. Koma á upp afgreiðsluborði og opna móttöku fyrir félagsmenn. Ekkert slíkt hefur verið til staðar, og talsvert kvartað yfir því.

Enn er í umræðunni að bókagerðamenn komi inn, með sína starfsemi til okkar. Kynntar voru breytingar á húsnæðinu sem gera þyrfti ef af yrði.

## **7. Lögmaðurinn.**

Kynnt voru málefni sem lögmaður vinnur að og var falið að vinna að málunum.

## **8. Önnur mál.**

a) Vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjunar, sem telst stórframkvæmd er nauðsynlegt að skipa aðaltrúnaðarmenn á svæðinu. Formanni falið að koma á fundi með öðrum félögum sem hlut eiga að máli og kippa þessu í liðinn.

b) Næsti fundur boðaður 9 desember

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.45

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.